

**63. fundur Skipulags- og umhverfisráðs, haldinn í fundarherbergi 3. hæð,
Stillholti 16-18,
9. júní 2017 og hófst hann kl. 15:00**

Fundinn sátu:

Einar Brandsson formaður, Rakel Óskarsdóttir varaformaður, Valgarður L. Jónsson aðalmaður, Kristín Sigurgeirs dóttir áheyrnarfulltrúi, Sigurður Páll Harðarson sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs, Hafdís Sigurbórsdóttir fulltrúi og Sindri Birgisson garðyrkjustjóri.

Fundargerð ritaði: Sigurður Páll Harðarson, sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs.

Fyrir tekið:

1. 1701216 - Aðalsk. - Dalbraut og Þjóðbraut breyting

Lögð var fram tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Akraness 2005-2017 vegna Dalbrautarreits þar sem lagt er til að miðsvæði M4 verði stækkað til norðurs á kostnað svæðis S8/V6/A7. Tillagan er unnin af Teiknistofu arkitekta Gylfi Guðjónsson og félagar ehf., dags. 27.2. 2017. Tillagan var kynnt á almennum fundi 16. febrúar 2017.

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að tillagan verði auglýst í samræmi við 31. gr. skipulagslagu. Áður en tillagan verður auglýst skal hún send Skipulagsstofnun til yfirferðar sbr. 3. mgr. 30. gr. sömu laga.

2. 1405059 - Deilisk. Dalbraut - Þjóðbraut

Lögð var fram tillaga að deiliskipulagi Dalbrautarreits sem unnin er af Teiknistofu arkitekta Gylfi Guðjónsson og félagar ehf., dags. 7.6. 2017. Tillagan er sett fram á skipulagsuppdráttum og í greinargerð. Í tillögunni er gert ráð fyrir þétri byggð með blandaðri landnotkun íbúðarbyggðar og miðbæjarstarfsemi. Tillagan var kynnt á almennum fundi 16. febrúar 2017. Deiliskipulag Dalbrautarreits frá 2006 verður fellt úr gildi og eru ákvæði þess feldi inn í skipulagstillöguna. Jafnframt verður mörkum deiliskipulags Dalbrautar-Þjóðbrautar frá 1988 breytt til samræmis við tillöguna.

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að tillagan ásamt breytingarblaði vegna eldra deiliskipulags verði auglýst í samræmi við 41. gr. skipulagslagu.

3. 1706002 - Deilisk. - Skógarhverfi I breyting

Lögð var fram tillaga að breytingu á deiliskipulagi 1. áfanga Skógarhverfis sem unnin er af Teiknistofu arkitekta Gylfi Guðjónsson og félagar ehf., dags. 29. maí 2017. Í tillögunni felst annars vegar breyting á húsahæðum fjölbýlishúsa sunnan Asparskóga þar sem aðallega verður gert ráð fyrir tveggja hæða húsum án bílageymslina í stað þriggja hæða með bílageymslu og hins vegar stækkan skipulagssvæðisins sem nemur einni lóðaröð norðan Asparskóga með sams konar tveggja hæða fjölbýlishúsabyggð. Hærri hús verða á þremur lóðum. Jafnframt eru gerðar breytingar á skilmálum t.d. um íbúðafjölda. Tillagan er

unnin í samræmi við rammaskipulag Skógarhverfis frá 2005, sem ekki hefur formlegt gildi, en er nýtt sem forsenda einstakra skipulagsáfanga hverfisins. Nú er gert ráð fyrir 122 íbúðum á óbyggðum lóðum við Asparskóga en með breytingunni og stækkan skipulagssvæðisins verður gert ráð fyrir 159-236 íbúðum á óbyggðum lóðum við götuna.

Skipulags- og umhverfisráð felur sviðstjóra að auglýsa opinn kynningarfund um fyrirliggjandi breytingar á deiliskipulaginu.

4. 1706003 - Deilisk. - Skógarhverfi II breyting

Lögð var fram tillaga að breytingu á deiliskipulagi 2. áfanga Skógarhverfis sem unnin er af Teiknistofu arkitekta Gylfi Guðjónsson og félagar ehf., dags. 1. júní 2017. Í tillögunni felast eftirtaldar breytingar:

Almenn breyting á ákvæðum um bílastæði fyrir fjölbýlishús þar sem fjöldi bílastæða fer eftir stærð íbúða.

Breyting á lóðamörkum og sameining byggingarreita á lóðunum við Álfalund 6-12 og Akralund 13-23.

Raðhús og parhús við Álfalund 2-26 (jafnar tölur) og Akralund 13-41 (oddatölur) verða einnar hæðar í stað tveggja hæða.

Byggingarreit fjölbýlishúss við Akralund 6 er breytt, hann einfaldaður og skásettur miðað við aðliggjandi reiti.

Skipulags- og umhverfisráð felur sviðstjóra að auglýsa opinn kynningarfund um fyrirliggjandi breytingar á deiliskipulaginu

**5. 1703203 - Deilisk. Stofnanareitur - Vesturgata 120 - 130 breyting
fimleikahús**

Lögð var fram tillaga að breytingu á deiliskipulagi stofnanareits sem upphaflega var samþykkt 1991. Tillagan er unnin af Teiknistofu arkitekta Gylfi Guðjónsson og félagar ehf., dags. 5.6. 2017.

Breytingin felst í því að byggingarreitur austan íþróttahúss er stækkaður til norðurs og suðurs þannig að þar megi reisa íþróttahús ásamt tengibyggingum og göngustígur frá Háholti inn á stofnanalóðina er færður til austurs.

Opinn kynningarfundur var haldinn 9. júní 2017.

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að breytingartillagan verði auglýst í samræmi við 41. gr. skipulagslagi.

6. 1705211 - Fimleikahús Vesturgötu - hönnun

Skipulags- og umhverfisráð samþykkir að gerð verði verökönnun í hönnun á verkinu.

7. 1705010 - Garðabraut 1 - breyting

Fyrirspurn um heimild til að breyta notkun húsnæðis að Garðabraut 1 úr samkomuhúsi/skemmtistað í íbúðarhúsnæði.

Erindinu frestað.

ETB

8. 1705089 - Akraneshöll - lýsing

Þau tilboð sem bárust uppfylla ekki kröfur útboðsgagna. Skipulags- og umhverfisráð samþykkir því að hafna öllum tilboðum sem bárust í verkið. Sviðsstjóra falið að bjóða verkið út að nýju.

9. 1701350 - Ísland ljóstengt 2017

Kynning.

Sviðsstjóri fór yfir fyrirhugað útboð á verkinu.

10. 1705021 - Sláttur á opnum svæðum - framlenging á samningi

Skipulags- og umhverfisráð samþykkir að framlengja samning um slátt á opnum svæðum um eitt ár.

11. 1705182 - Presthúsabraut 28 - lóðarleigusamningur endurnýjun

Beiðni um endurnýjun lóðarleigusamnings.

Skipulags- og umhverfisráð samþykkir að endurnýja samninginn.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 17:50.

Einar Bradsen
Rannsóknarsjóður
Valgerðar L. J.
Krisján Sigurgeirsson
Sj. P. H
Jóníni Birgisson
HaldusSig. rit.